



Grundartanga, 21. nóvember 2024

Efni: Starfsemi og fjármögnun Þróunarfélags Grundartanga 2025

Þróunarfélag Grundartanga hefur á undanförunum árum unnið eftir og fylgt mjög metnaðarfullri sýn um að Grundartangasvæðið verði í fararbroddi sem grænn iðngarður með hringrásarhugsun. Í þessari sýn felst í stórum dráttum að svæðið verði fyrirmynd annarra iðnaðarsvæða á landinu (og á heimsvísu) varðandi fullnýtingu auðlindastrauma og umhverfismála. Þessi vinna er þegar farin að bera árangur með því að laða að Grundartanga nýja, fjölbreytta og metnaðarfulla atvinnustarfsemi.

Þessi vinna hefur verið leidd af Þróunarfélaginu í náninni samvinnu við fyrirtækin á svæðinu. Í henni felst m.a. mótun sjálfbærnumgjaraðar fyrir svæðið í heild sem studd er alþjóðlegum stöðlum, ásamt því að fylgja eftir völdum verkefnum sem styðja við vegferðina. Hvati þessarar vegferðar er sá vænti ávinningur sem áætlað er að hljótist af henni fyrir starfsemina á svæðinu og nærumhverfi þess og er í senn umhverfislegur, félagslegur og efnahagslegur.

Fjármögnun verkefnisins byggir á áætlun sem samþykkt var og kynnt í október 2021 og felur í sér að eigendur Þróunarfélagsins fjármagni fyrstu fasa verkefnisins í samræmi við verkefna- og fjárhagsáætlun félagsins. Með formlegri stofnun græns iðngarðs á Grundartanga munu fyrirtækin á svæðinu svo hefja þátttöku í fjármögnun starfseminnar í formi aðildargjalds, og í kjölfarið mun draga úr framlagi opinberra aðila. Stefnt er að slíkri stofnun á komandi mánuðum, en undirbúningi miðar vel.

Nauðsynlegt er þó á að tryggja fjármögnun félagsins þar til uppfært tekjulíkan verði virkt að fullu. Því óskum við eftir áframhaldandi stuðningi sveitarfélaga og Faxaflóahafna fyrir árið 2025, þ.e. Hvalfjarðarsveit, Akraneskaupstaður og Faxaflóahafnir, 15 m.kr. hver, Borgarbyggð 5 m.kr. og Skorradalshreppur 1 m.kr.

Þannig verður mögulegt að fylgja eftir þeim metnaðarfullu markmiðum sem Þróunarfélagið og eigendur þess hafa sett sér um framtíð Grundartanga.

Undirritaður er að sjálfsögðu ætíð tilbúinn til að mæta og kynna stöðu og framtíðaráform Þróunarfélagsins fyrir sveitarstjórnnum, sé þess óskað.

Með kveðju,
Guðjón Steindórsson,

framkvæmdastjóri Þróunarfélags Grundartanga